

Dómsorð:

Stefnandi, Ungmennafélag Íslands, á vatns- og veiðirétt
í Sogi fyrir Þrastaskógarlandi í Grímsneshreppi.
Málskostnaður í máli þessu falli niður.

Mánudaginn 25. marz 1963.

Nr. 56/1962. **Véla- og plötusmiðjan Atli h/f,**
Vélsmiðja Steindórs h/f,
Stefán Stefánsson,
Valmundur Guðmundsson og
Stefán H. Steindórsson
(Tómas Árnason hdl.)
gegn
Bifreiðastöðinni Stefni s.f.
(Örn Clausen hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um gildi umboðs vegna félagsskapar.
Fjárnámsgerð felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm, en hina áfrýjuðu fjárnámsgerð hefur framkvæmt Ásmundur S. Jóhannson, fulltrúi bæjarfógeta á Akureyri.

Áfrýjendur hafa skotið bæjarþingsmálinu til Hæstaréttar, að því er þá varðar, með stefnu 10. apríl 1962. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda í málinu. Áfrýjandi Vélsmiðja Steindórs h/f hefur einnig skotið til Hæstaréttar fjárnámsgerð, er framkvæmd var í eignum hans samkvæmt héraðsdómi hinn 23. marz 1962. Krefst nefndur áfrýjandi þess, að fjárnámsgerðin verði felld úr gildi. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinna áfrýjuðu dómsathafna og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum málsins og yfirlýsingum í málflutningi var aldrei skráður í firmaskrá félagsskapur sá, sem áfrýjendur ásamt fleiri aðiljum stofnuðu til hinn 8. apríl 1950 og nefndu „Járn og stál á Akureyri“. Í málinu hefur komið fram, að Magnús Árnason hafi verið kjörinn formaður félagsstjórnar, Albert Sölvason ritari og Steindór Steindórsson gjaldkeri. Ekki verður séð, að neytt hafi verið heimildar í félagssamþykktum til að ráða framkvæmdastjóra.

Á félagsfundi 19. maí 1950 var rætt um starfsemi félagsins, m. a. að semja þurfi um flutning á súr- og gashylkjum. Er þá bókað: „Magnús Árnason tók að sér að sjá um þetta fyrst um sinn.“ Sjá má af fundargerð 1. júní 1950, að samið hafði verið við flutningafélagið Pétur & Valdimar um flutning hylkjanna, en ekki sést, hvort Magnús Árnason stóð einn að þeim samningi af hálfu félagsins. Hinn 12. maí 1951 æsktu stjórnarmennirnir Magnús Árnason, Steindór Steindórsson og Albert Sölvason f. h. félagsins, að stefndi gerði tilboð í flutning á hylkjunum, en tilboði, er stefndi gerði hinn 15. maí 1951, var hafnað. Hinn 13. júlí 1951 var hinn síðasti fundur haldinn í félaginu, og eftir það var félagsskapnum ekki uppi haldið, þó að ekki væri félaginu slitið með fundarsamþykkt og engin tilkynning gerð um slit félagsins fremur en um stofnun þess.

Í bréfi til stefnda, dags. 29. marz 1952, æskti Magnús Árnason þess f. h. Járn og Stáls, að stefndi gerði tilboð í flutninga á súr- og gashylkjum. Gerði stefndi tilboð um flutningana í bréfi 3. apríl 1952, og mun Magnús hafa samþykkt það. Eftir þetta annaðist stefndi flutningana óslitið til ágústloka 1960. Átti hann um það skipti við Magnús einan, meðan hann lifði, en hann lézt 24. marz 1959. Eftir það átti stefndi skiptin við Árna, son Magnúsar, en hann kveðst hafa annazt fyrirgreiðsluna á vegum dánarbús föður síns.

Umboð það, sem Magnúsi Árnasyni var veitt á félags-

fundinum 19. maí 1950, var aðeins til bráðabirgða, enda stóðu stjórnarmennirnir Steindór Steindórsson og Albert Sölvason ásamt Magnúsi að öflun tilboðs í flutningana árið 1951. Verður ekki séð, að Magnús Árnason hafi haft umboð árið 1952, hvorki sérstaklega gefið né samkvæmt stöðu sinni, til að binda áfrýjendur með sammingsgerð við stefnda. Og ekki verður það talið fella ábyrgð á hendur áfrýjendum, þó að Magnús notaði á flutningsgjaldareikningum yfirskriftina „Járn og stál“, enda hafði stefnda eigi verið gefið tilefni til að treysta því, að áfrýjendur bæru ábyrgð á því, er Magnús Árnason kvaðst koma fram f. h. „Járns og stáls“. Þykir því verða að sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda í málinu, og ber þá jafnframt að fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámssgerð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámssgerð er úr gildi felld.

Áfrýjendur, Véla- og plötusmiðjan Atli h/f, Vélsmiðja Steindórs h/f, Stefán Stefánsson, Valmundur Guðmundsson og Stefán H. Steindórsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Bifreiðastöðvarinnar Stefnis s.f., í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 3. marz 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., var höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 7. janúar 1961, af Bifreiðastöðinni Stefni s.f., Akureyri, gegn Albert Sölvasyni járnsmíðameistara og Steindóri Steindórssyni járnsmíðameistara, báðum búsettum hér í bæ. Gerði stefnandi þær kröfur, að stefndu yrðu in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 32.248.16 með 10% ársvöxtum frá 1. september 1960 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Stefndu kröfðust sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim yrði tildæmdur málskostnaður eftir framlögðum reikningi eða mati dómsins.

Með sakaukastefnu, útgefinni 25. febrúar 1961, stefndi stefnandi Árna Magnússyni járnsmíðameistara, hér í bæ, og gerir þær kröfur á hendur honum aðallega, að hann verði dæmdur til að greiða upphaflegu stefnukröfuna, aðallega in solidum með upphaflegu stefndu, en til vara einn sér, ef svo færi, að frumstefndu yrði sýknaðir. Þá gerði hann kröfu til, að máli þetta yrði sameinað frumsök, og hafa mál þessi verið rekin sameiginlega. Sakaukastefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Með nýrri sakaukastefnu, útgefinni 11. marz 1961, stefndi stefnandi Vélsmiðjunni Atla h.f., Vélsmiðju Steindórs h.f., Valmundi Guðmundssyni járnsmið, Stefáni Stefánssyni járnsmið og Stefáni H. Steindórssyni járnsmið, öllum til heimilis hér í bæ, og gerir þá kröfu, að þeir verði dæmdir til að greiða kröfuna í frumsök in solidum sín á milli og þeirra, er áður var stefnt í málinu, þ. e. Albert Sölvasyni, Steindóri Steindórssyni og Árna Magnússyni. Jafnframt hefur stefnandi krafizt þess, að þessi sök verði sameinuð frumsök, og hefur svo verið gert. Stefndu í þessu sakaukamáli hafa allir krafizt sýknu og að þeim verið dæmdur málskostnaður eftir framlögðum reikningi eða mati dómsins. Sakaukastefndi Árni Magnússon skilaði greinargerð í málinu og gaf aðiljaskýrslu í því, en hefur ekki mætt eða látið mæta að öðru leyti í málinu.

Stefnandi gerir eftirfarandi grein fyrir kröfu sinni í frumsök: Krafan sé eftirstöðvar skuldar vegna flutninga á súr- og gashylkjum milli Akureyrar og Reykjavíkur. Þeir telja þessa flutninga upphaflega vera þannig til komna, að þeim hafi fyrst borizt áskorun um að gera tilboð í þessa flutninga með bréfi, dags. 12.5 1951, undirrituðu af járnsmíðameisturunum Magnúsi Árnasyni, Albert Sölvasyni og Steindóri Steindórssyni, tveir hinna síðastgreindu stefndu í máli þsesu, sbr. dskj. nr. 2. Bréfi þessu hafi stefnandi svarað með skriflegu tilboði, dags. 15. s. m., en með bréfi, dags. s. d., undirrituðu af Magnúsi Árnasyni, hafi tilboðinu verið hafnað, þar sem annað tilboð lægra hafi komið fram og því verið tekið. Hvortveggja þessi bréf frá járnsmíðunum hafi verið undirrituð f. h. félags, er þeir hafi nefnt „Járn & stál“. Næst gerir það, að stefnanda hafi borizt áskorun um samskonar tilboð með bréfi, dags. 29.3. 1952, undirritað af Magnúsi Árnasyni f. h. „Járn & stál“, og hafi stefnandi svarað með tilboði í bréfi, dags. 3.4. s. á. Frekar telur stefnandi að ekki liggi fyrir skriflegt um þetta, en telja að vist sé, að gengið hafi

verið að þessu tilboði og viðskiptasamband stofnað um téða flutninga, er haldizt hafi óslitið til júliloka 1960. Stefnandi segir, að öll þessi ár hafi yfirskrift á flutningsgjaldareikningunum verið „Járn & stál“ samkvæmt fyrirtéðum bréfaskiptum, enda hafi aldrei verið af hálfu flutningsþeganna tilkynnt nein breyting á aðild af þeirra hálfu, meðan viðskiptasambandið stóð. Þá telur stefnandi, að félagið „Járn & stál“ hafi verið óskráður félagskapur járnsmiða eða járnsmíðafyrirtækja hér í bæ um öflun nauðsynja til slíks reksturs. Magnús Árnason, sem rekið hafi hér járnsmíðaverkstæði til dauðadags 24. marz 1959, hafi annazt fyrirgreiðslu um þetta fyrir félagið, tekið á móti því, sem flutt var hingað, og annazt greiðslu til stefnanda, en eftir hans dag hafi Árni Magnússon, sakaukastefndi, sem haldið hafi áfram rekstri verkstæðis föður síns, annazt þetta.

Stefnandi segir, að það hafi jafnan verið látið óátalið af honum, eftir tilmælum frá Magnúsi heitnum Árnasyni, þótt flutningsgjald fyrir 2 s.l. mánuði stæði í skuld á hverjum tíma, enda hafi ýmsum annmörkum verið bundið að beita haldrétti í flutningnum. Hafi þetta gengið þolanlega þar til rétt fyrir lokin, að rétt um 3 mánaða akstur hafi staðið í skuld, sem ennþá hafi ekki fengizt greidd. Hafi frumstefndu ekki fengizt til að greiða kröfuna sjálfir eða fyrir „Járn & stál“, sem þeir hafi þá talið stjórnlaust orðið og enga sjóði eiga. Að fengnum þessum upplýsingum, auk þess sem vitað hafi verið, að félag þetta hafi aldrei verið skráð, hafi þeir eigi talið vænlegt að koma fram málssókn á hendur því sem slíku og hafi þá ekki verið annar kostur en beina kröfunni til stefndu, er stofnað hafi til viðskiptanna, að vísu að formi til í nafni „félags“, en raunverulega á eigin persónulega ábyrgð, þar sem þeir hafi ætlað að leggja fjárhagslega skuldbindingu á „félag“, er þeir hafi vitað fyrirfram, að engar eignir myndi eignazt til þess að standa straum af viðskiptum sínum út á við. Einnig telja stefnendur, að stefndu eða fyrirtæki þeirra hafi notið þeirra viðskipta, sem stefnukrafan sé risin af, að meira eða minna leyti, svo að þess vegna auk annars hafi þeir alla stund fylgzt með framkvæmd viðskiptasambands þessa. Þá hefur stefnandi upplýst, að hann hafi alltaf afhent flutninginn við verkstæðishús Magnúsar Árnasonar, en hafi aldrei flutt hann til einstakra notenda.

Aðalstefndu hafa einkum byggt sýknukröfu sína á eftirgreindum atriðum: Þeir hafa lýst félagsskapnum „Járn og stál“ sem samtökum sjálfseignarmeistara í þungaiðnaðinum og fyrirsvars-

manna slíkra fyrirtækja og vísað um skipulag þess til dskj. nr. 12, sem er lög félagsins. Þeir kveða Magnús Árnason járnsmíðameistara hafa gegnt formannsstörfum í stjórn félagsins, Albert Sölvason verið fundarritari og Steindór Steindórsson gjaldkeri. Stefndu Albert og Steindór telja sig báðir hafa verið í félaginu sem fulltrúar fyrirtækja þeirra, er þeir stjórnðu, Albert fyrir Véla- og plötusmiðjuna Atla h.f. og Steindór fyrir Vélsmiðju Steindórs s.f., en hvorugur þeirra hafi verið sjálfstæður atvinnurekandi. Þeir telja, að fyrirtækin, sem þeir voru fulltrúar fyrir, hafi notið allra réttinda í sambandi við félag þetta og borið skyldurnar og um persónulega ábyrgð þessara manna hafi því ekki verið að ræða.

Sérstaklega hafa stefndu mótmælt því, að áritun þeirra á dskj. nr. 2, sem er dags. 12.5. 1951, geti bakað þeim ábyrgð á skuld þeirri, er hér um ræðir. Eins og dskj. nr. 4 og 15 beri með sér, hafi tilboði stefnanda á dskj. nr. 3 verið hafnað, en það tilboð hafi verið gert eftir tilmælum á dskj. nr. 2 og hafi þannig ekki verið stofnað til neinna viðskipta við stefnanda fyrir milligöngu stefndu f. h. „Járns og stáls“. Þá telja stefndu, að starfsemi þessa félags, þ. e. „Járn & stál“ hafi fallið niður á árinu 1951, enda hafi síðasti stjórnarfundur verið haldinn 13. júlí það ár sbr. dskj. nr. 17. Þá hafa stefndu vitnað til þess, að á fundi í félagi þessu 19. maí 1950 hafi verið samþykkt að dreifa súr- og gashylkjum til félagsmanna eingöngu, sbr. dskj. nr. 14, en á fundi 8. maí 1951 hafi að vísu verið um það rætt, að félagið tæki að sér alla afgreiðslu á gas og súr til logsuðu á Akureyri, en ekkert hafi af því orðið. Varðandi dskj. nr. 3, dags. 20. marz 1952, þar sem Magnús Árnason óskar eftir tilboði frá stefnanda í flutningana, hafa stefndu sagt, að það hafi ekki verið ákveðið á fundi í „Járn & stál“ og tilboðið hafi ekki verið lagt fyrir fund til samþykktar eða synjunar. Samkvæmt orðalagi tilmælanna á dskj. nr. 6 hafi samningstímabilið runnið út um sumarmál 1953, en samþykkt þessa tilboðs hafi verið gerð af Magnúsi Árnasyni einum án samráðs við stefndu og á eigin ábyrgð. Þeir hafi hvorki staðið að þessari samningsgerð né heldur síðari samningum um þessi viðskipti og raunar sé ekki upplýst, að samningur um fast samband sé til eftir 1953.

Þá hafa stefndu haldið því fram, að „Járn og stál“ hafi á sínum tíma aðeins annazt afgreiðslu gashylkja fyrir féлага sína, en eftir 1951 muni Magnús Árnason hafa annazt afgreiðslu og útvegum gashylkja fyrir aðra og rekið starfsemina sem þátt í

atvinnurekstri sínum. Magnús hafi aldrei gert félaginu grein fyrir þessum viðskiptum, enda hafi þess ekki verið að vænta, þar sem starfsemi félagsins hafi lagzt niður 1951.

Eftir að Magnús andaðist, 24. marz 1959 og allt fram til ágústloka 1960, hafi dánarbú hans haldið áfram afgreiðslu gashylkjanna. Stefndu telja, að á viðskiptatíma dánarbúsins hafi öll hin umkrafaða skuld myndast og hafi stefnanda mátt vera það ljóst, að aðalstefndu báru enga ábyrgð á þeim viðskiptum og er því eindregið mótmælt, að aðalstefndu hafi nokkurn tíma viðurkennt dánarbú Magnúsar Árnasonar sem umboðsmann sinn við þessi viðskipti, hvorki í orði né verki. Einnig er því mótmælt, að Albert Sölvason hafi átt hlut að samningum um flutninga á súr- og gashylkjum við stefnanda í eigin nafni eða fyrir „Járn og stál“. Loks hafa aðalstefndu haldið því fram, að Magnús Árnason og þá eigi heldur Árni Magnússon hafi aldrei haft neina heimild til að stofna til þessara lánsviðskipta og einnig, að stefnanda hljóti að hafa verið það ljóst, að hann hafi verið að veita þeim lánsfrest, en ekki „Járn & stál“, auk þess sem skuldin sé öll frá tíð Árna Magnússonar við þetta starf.

Kröfu sína á hendur aukastefndu, annarra en Árna Magnússonar, byggir stefnandi að verulegu leyti á sömu ástæðum og kröfum sínum á frumstefnu. Hann telur það hafa komið á daginn undir rekstri málsins, að frumstefndu hafi ekki verið persónulegir meðlimir í „Járn & stál“, heldur sem umboðsmenn þeirra fyrirtækja, er þeir veittu forstöðu, Albert fyrir Vélsmiðjuna Atla h.f. og Steindór fyrir Vélsmiðju Steindórs h.f. Telur hann því að öruggara hafi verið að beina málssókninni einnig gegn báðum þeim hlutafélögum sem öðrum aðiljum að „Járn & stál“, þó hafi hann undanskilið þar vélsmiðjuna Odda h.f., þar sem það félag hafi haft sérsamning um þessa flutninga um 3 ára bil og einnig hafi hann sleppt þeim mönnum, er undirrituðu stofnsamninginn, er eigi höfðu umboð ákveðins fyrirtækis. Aðaláherzluna leggur stefnandi á það, að þessir aukastefndu hafi allir verið hluttakendur í „Járn & stál“, að þeir hafi allir staðið að því að veita Magnúsi Árnasyni upphaflega umboð fyrir félagið og þeim hafi verið ljóst allan tímann, að starfsemi þessi hafi farið fram á vegum „Járn & stál“, þar sem þeir hafi allir verið kaupendur og notendur súr- og gashylkja, og skjöl öll í sambandi við þau viðskipti hafi verið með yfirskrift „Járn & stál“ og því mátt vera ljóst, að rekstur þess færi fram á þeirra ábyrgð.

Forsvarsmaður sakaukastefndu, sem er sá sami og forsvarsmaður frumstefndu, hefur byggt varnir sínar á öllum sömu ástæðum og í upprunalegu sökinni, að undanskildri þeirri ástæðu, að Albert og Steindór Steindórsson hafi ekki verið hluttakendur í „Járn & stál“ í eigin nafni, heldur sem umboðsmenn fyrir-tækja sinna.

Í lögum fyrir félagið „Járn & stál“, Akureyri, sbr. dskj. nr. 12, segir, að tilgangur félagsins sé að sameina alla sjálfseignar-meistara á Akueyrri í þungaiðnaðinum og aðra, er hafa hlið-stæðan iðnað á hendi, um hagsmuna- og menningarmál. Stjórn félagsins skal skipuð einum manni frá hverju fyrirtæki og skal hann tilnefndur af hverju fyrirtæki fyrir hvern aðalfund. Stjórn-in kýs úr sínum hópi formanni, ritara og féhirði. Starfssvið stjórnarinnar er fyrst um sinn að sjá um, að aðiljar félagsins fari ekki á mis við leyfisveitingar á hverjum tíma, annast inn-kaup og dreifingu á því efni, sem félagið kaupir; þá skal stjórn-inni heimilt að ráða sér framkvæmdastjóra.

Rétt til inngöngu í félagið hefur hver sá, sem hefur á hendi sjálfstæðan atvinnurekstur í þungaiðnaðinum eða veitir slíku fyrir-tæki forstöðu. Inntökugjald er kr. 100.00 og árgjald kr. 25.00. Af tekjum félagsins skal greiða allan kostnað, svo sem fundar-húsaleigu, pappírs- og prentkostnað svo og önnur þau útgjöld, sem samþykktir félagsins hafa í för með sér. Nokkru nánari ákvæði eru um starf félagsins, en engin ákvæði eru þar um slit þess. Félagið hefur aldrei verið tilkynnt til firmaskrár.

Stofnfundargerð félagsins „Járn & stál“, sbr. dskj. nr. 13, þar sem lög voru samþykkt, er undirrituð af þessum aðiljum: Al-bert Sölvason, Steindór Steindórsson, Valmundur Guðmundsson, Alfreð Möller, Eggert Stefánsson, Magnús Árnason, Sveinn Tómas-son, Stefán H. Steindórsson, Stefán Stefánsson og Per Krogh. Var Albert fulltrúi fyrir Vélsmiðjuna Atla h.f., Steindór Stein-dórsson fyrir Vélsmiðju Steindórs h.f., Valmundur, Magnús, Stefán H. Steindórsson og Stefán Stefánsson fyrir eigin verk-stæði og Per Krogh fyrir Vélsmiðjuna Odda h.f., en hinir, Alfreð. Eggert og Sveinn, voru ekki forsvarsmenn neins fyrirtækis. Upplýst er, að Vélsmiðjan Oddi h.f. hætti að fá hylki á vegum þeirrar starfsemi, er hér er deilt um, um 3 árum áður en starf-semin hætti, og hefur stefnandi lýst því yfir, að hann hafi eigi stefnt þeim í máli þessu á þeim forsendum. Á fundi í félaginu 19. maí 1950, sbr. dskj. nr. 14, var rætt um súr- og gasmál og afgreiðslu fyrir það hér og m. a. rætt um, hvort félagið ætti að

taka að sér alla dreifingu á þessum varningi hér eða aðeins fyrir félagsmenn. Var gerð svofelld ályktun: Fundurinn samþykkir að taka að sér súr- og gasúthlutun aðeins fyrir félagi í Járn & stál. Var svo nokkuð rætt um grundvöll fyrir úthlutuninni og hversu fara skyldi með kostnað þann, sem af því leiddi, eins og segir í fundargerðinni. Síðan segir, að Magnús Árnason hafi tekið að sér að sjá um þetta fyrst um sinn, en annars var málinu frestað. Á fundi í stjórn félagsins 1. júní, sbr. dskj. nr. 15, voru þessi mál rædd aftur, og er þar bókað, að starfsmaður Ísaga h.f. telji ófært að skipta dreifingu þessa varnings, og væri þess óskað, að afgreiðlan væri öll á einni hendi. Var þá gerð svofelld ályktun: Fundurinn samþykkir að fela . . . að hefja rannsókn á viðskiptum aðilja og notkun rafsuðuefnis síðastliðið ár og athuga einnig, hversu mörg tæki eru í notkun og hvar. Einnig að leita hófanna hjá verkstæðum þeim, sem ekki eru félagar í Járn & stál, hvort þeir óski, að félagið taki að sér alla fyrirgreiðslu í þessum efnunum. Á fundi í félaginu 8. maí 1951 voru þessi mál enn rædd og gerð samþykkt um kaup á hylkjum o. fl. Ennfremur segir þar: Ef um það er að ræða, að Járn & stál taki við allri úthlutun á súr- og gashylkjum, sem notuð eru hér í bæ og nágrenni, þá ætlast félagið til þess, að sú gashylkjatala, sem í umferð hefur verið, verði í engu skert, en sami fjöldi, 50 plús nýju hylkin, verði í gangi. Aðrar samþykktir eða bókanir liggja ekki fyrir um þetta, en fyrir liggja upplýsingar um, að margir aðrir en meðlimir greinds félags hafa fengið súr og gas á vegum þessarar starfsemi, sbr. dskj. nr. 18 og 20. Í málinu liggja fyrir nokkrir reikningar frá árinu 1960 fyrir flutning á súr- og gashylkjum, og eru þeir allir með yfirskriftinni: Járn og stál, Akureyri. Einnig er upplýst, að allar farmskrár og fylgibréf með flutningi framangreinds varnings voru stíluð á Járn og stál.

Nokkrir af aðiljum málsins og vitni hafa gefið skýrslu fyrir dómi í málinu.

Árni Magnússon járnsmiður, sem hafði á hendi afgreiðslu framangreinds varnings eftir andlát föður síns, Magnúsar Árnasonar, 24. marz 1959, hefur borið eftirfarandi: Hann kvaðst hafa tekið við starfinu að föður sínum látnum og kvaðst hafa álitnið, að faðir hans hefði haft þetta starf með höndum fyrir Járn og stál. Hann kvað það félag hins vegar ekkert hafa samið við sig um þetta starf, en hann hafi haft samband við Ísaga h.f. um áframhald á þessum sendingum og hafi það verið munnlegir

samningar til óákveðins tíma, og hafi hann sagt starfinu upp við Ísaga h.f. án samráðs við aðra. Þá sagðist hann hafa ásamt Albert Sölvasyni samið við Stefni s.f. um flutningsgjald fyrir þennan varning, en ekki mundi hann, hvort það hafi verið fyrir eða eftir andlát föður síns né nánar um tímenn. Varðandi reikningsskil fyrir þessari starfsemi sagði Árne, að faðir hans muni hafa gert það fyrstu árin, en hélt, að það hafi svo fallið niður. Sjálfur kvaðst hann enga slíka skilagrein hafa gert til Járn & stál, eftir að hann tók við. Varðandi það, hver hafi tekið arð eða borið halla af þessum rekstri, sagði Árne, að ákveðin hundradstala hafi verið tekin af hverri sendingu, sem hafi verið breytileg, síðast 15 af hundraði, og hafi það runnið til afgreiðslumannsins og það hafi runnið til hans sjálfs, eftir að hann tók við afgreiðslunni. Þá sagði hann, að hann sjálfur hafi vorið 1960 samið við Stefni s.f. um 2 mánaða gjaldfrest, en áður hafi þetta verið óumsamið og óákveðinn gjaldfrestur. Ekki kvað Árne Magnússon sér kunnugt um, að aðiljar, sem flutt var fyrir, sem ekki voru félagsmenn í Járn & stál, hefðu önnur kjör um þetta en félagsmenn. Ekki kvaðst vitnið vita, hvort stefndu Albert Sölvason eða Steindór Steindórsson eða aðrir hafi haft afskipti af eða umsjón með þessari starfsemi Magnúasar föður hans, en ekki hafi hann orðið þess varðandi starf hans sjálfs. Árne kannaðist við að hafa verið krafinn um greiðslu skuldarinnar. Árne sagði, að ekkert væri eftir útistandandi af flutningsgjöldum og hefði hann látið allt, er inn kom, renna til Stefnis s.f. Hann kvað það jafnan hafa verið fram tekið á kvittunum, að það sé innborgað á reikning Járn og stál.

Stefndi Steindór Steindórsson hefur gefið eftirfarandi skýrslu: Hann minnst þess ekki, að hafa átt nokkurn þátt í að bréfið til stefnanda, sbr. dskj. nr. 5, um að þeir gerðu tilboð í flutningana, var sent né heldur að hafa samþykkt tilboð stefnanda, sbr. dskj. nr. 6, og kvaðst aldrei hafa átt í neinum samningum við stefnanda um þessa flutninga. Þá skýrði stefndi svo frá, að hann hefði verið meðlimur í Járn og stál sem framkvæmdastjóri fyrir Vélsmiðju Steindórs h.f. og í stjórn félagsins, meðan það hafi starfað, ásamt Magnúsi heitnum Árnasyni og Albert Sölvasyni. Hann kvaðst aldrei hafa haft neitt með að gera reikningshald fyrir súr- og gasflutninga, en tók fram, að hann álitu, að þeir flutningar hafi aldrei verið á vegum Járn & stál, heldur álitu hann, að Magnús heitinn hafi tekið þetta að sér á eigin spýtur, enda hafi aldrei borizt í hans hendur sem reiknings-

haldara og gjaldkera félagsins neinir reikningar varðandi þá starfsemi, en hann hafi átt að hafa með að gera allt reikningshald fyrir félagið. Steindór kvaðst álíta, að félagið hafi verið lagt niður á árinu 1953 og kvaðst þá hafa skilað af sér bókhaldi félagsins til formannsins. Þá kvað hann starfsemi félagsins hafa legið niðri um nokkurt skeið og meira en eitt ár liðið, síðan aðalfundur hafi verið haldinn, og taldi hann, að umboð hans sem stjórnarmanns væri niður fallið og kvaðst ekki vita til, að að félagið væri til lengur. Hann kannaðist þó við, að reikningar hefðu jafnan verið gefnir fyrir súr og gas undir því nafni, en honum hafi fundizt þessi notkun nafnsins hæpin, en hélt því fram, að hver sem er hefði getað tekið það firmanafn upp eftir að þeirra félag hafi hætt störfum. Eigi vissi hann til, að formleg samþykkt hefði verið gerð um niðurfellingu félagsins. Stefndi kvað ætlunina hafa verið að annast eingöngu flutninga á súr og gasi fyrir félagsmenn, sbr. dskj. nr. 14 og 16, en Magnús Árnason hafi afgreitt þetta til fjölmargra annarra aðilja.

Meðstefndi Albert Sölvason hefur gefið eftirfarandi skýrslu: Hann hefur neitað því, að hafa neitt verið í ráðum við að senda stefnendum bréf, sbr. dskj. nr. 5, né staðið að samþykki á tilboðinu á dskj. nr. 6. Þá skýrði hann svo frá, að á árinu 1957, að því er hann ætlaði, hafi Árni Magnússon komið að máli við hann og skýrt frá því, að Stefnir s.f. hafi farið fram á hækkun flutningsgjaldsins fyrir súr og gashylki. Kvað Albert þá Árna svo hafa rætt þetta við Júlíus Bogason, framkvæmdastjóra Stefnis, og Örn Pétursson bifreiðastjóra, og hafi niðurstaðan af þessu orðið, að dálítill hækkun hafi orðið á flutningsgjöldunum. Kvaðst stefndi Albert þá hafa verið framkvæmdastjóri fyrir Atla h.f., sem hafi verið stærsti notandi þessa varnings þá og hafi hann eingöngu staðið að þessari samningsgerð fyrir Atla h.f. Að gefnu tilefni kvaðst hann ekki hafa staðið að neinni slíkri samningsgerð 1959 eða endranær eftir 1957. Stefndi Albert kvaðst líta svo á, að félagsskapurinn Járn & stál hafi fallið niður nálægt áramótunum 1951—52. Hann kvað Magnúsi Árnasyni upphaflega hafa verið falið að annast um afgreiðslu á súr- og gashylkjum fyrir félagsmenn á vegum Járn & stál, en hann taldi, að þetta hafi ekki verið á vegum félagsins nema fram á mitt ár 1951, því á því ári hafi starfsemi félagsins fallið niður. Hann kvað Magnús Árnason sjálfan hafa ákveðið álagninguna og hafi hún runnið óskert til hans. Aldrei kvað Albert Magnús heitinn Árnason hafa gert nein reikningsskil fyrir þess-

ari starfsemi og eigi heldur fyrsta árið, þegar Pétur & Valdimar annaðist flutningana. Hann kvað þó ætlunina upphaflega hafa verið þá, að hann gerði það, en félagið hafi fallið svo fljótt niður, að naumast hafi verið ástæða til þess. Báðir töldu þeir, Steindór og Albert, að enginn munur hafi verið á kjörum þeirra, er verið höfðu í Járn & stál, og annarra við þessi viðskipti, það er súr- og gasflutningana.

Júlíus Bogason, framkvæmdastjóri stefnanda, hefur borið eftirfarandi: Um gildistíma samnings þess, er felst í dskj. nr. 6, hefur hann sagt svo, að hann álíti, að hann hafi átt að gilda að minnsta kosti eitt ár, en framlengjast, ef samkomulaginu væri ekki sagt upp af öðrum hvorum aðiljanna, og sagðist byggja það á því, að þeim hafi verið tilkynnt frá verkstæði Magnúsar Árnasonar, er taka átti vörur, og hafi slíkar beiðnir haldið áfram eftir árið.

Ekki kvað Júlíus aðra en Magnús heitinn hafa komið fram við samningsgerðina 1952, en sagði, að þeir hafi treyst því, að Magnús kæmi fram fyrir Járn & stál. Varðandi það, hvort Júlíus viti, hverir hafi verið í stjórn Járn & stál árin 1952 til 1957, sagði Júlíus, að hann hafi vitað það með vissu 1951 og haft hugmynd um það síðar, sérstaklega hafi þeir talið öruggt, að Magnús Árnason hefði umboð félagsins. Varðandi það atriði, hvers vegna þeir hafi tekið Árna Magnússon sem umboðsmann Járn & stál, sagði hann, að þeir hafi vitað, að Árni hafi fengið prókúru fyrir verkstæði Magnúsar Árnasonar og að hann hafi oft komið fram fyrir hönd Magnúsar í þessu máli í veikindaforföllum hans. Þá hefur Júlíus Bogason skýrt frá eftirfarandi: Í nóvember 1957 sömdu þeir Albert Sölvason og Árni Magnússon, sem komu fram fyrir Járn & stál, þess efnis, að flutningsgjöldin fyrir súr- og gashylkin skyldu hækka og lækka í samræmi við flutningsgjöld fyrir aðrar vörur. Síðar hafi Árni þó gert þá athugasemd, að flutningsgjaldið hafi átt að standa óbreytt í eitt ár, þ. e. til í nóvember 1958. Hinn 5. september varð almenn hækkun á vöruflutningum á langleiðum um 14%, og hafi sú hækkun verið staðfest með bréfi fulltrúa verðlagsstjóra til þeirra þann dag. Hækkuðu þeir þá flutningsgjaldið á varningi þessum úr 37 í 43 kr., og kvaðst hann hafa lagt þar til grundvallar framangreindan samning við Albert Sölvason og Árna Magnússon. Í júní eða júlí 1959 sagði hann, að þeir Albert og Árni hafi komið til hans og haldið því sama fram og Árni hafði gert áður, en ekki hafi verið á það fallið af þeirra hálfu; þó fór þetta

svo, að eftir þetta lækkuðu þeir gjaldið um 2 kr. á stk. frá 5. september 1958. Í réttarhaldi sagði Júlíus Bogason síðar, að hann myndi ekki örugglega, hvort Albert Sölvason hafi verið með Árna á fundi þeirra í júní—júlí 1959 eða hvort nokkur annar hafi þá verið með Árna. Ekki kvað Júlíus, að neitt hafi verið sérstaklega um það rætt, er hann samdi við Albert og Árna 1957, að þeir kæmu fram fyrir Járn & stál, en hann hafi gengið út frá því, að þeir gerðu það og nefndi það til styrktar því, að þeir hafi samið um, að flutningsgjaldið ætti að breytast eftir almennum verðsveiflum.

Örn Pétursson bifreiðarstjóri, sem nú er í stjórn stefnanda, en var það ekki 1957, hefur staðfest skýrslu Júlíusar Bogasonar um samningsgerðina við Albert Sölvason og Árna Magnússon 1957, og kvaðst hann hafa tekið þátt í henni sem eins konar fulltrúi þeirra bifreiðastjóra, er flutninga þessa önnuðust. Hann kvaðst hafa í vottorði sínu, sbr. dskj. nr. 29, tekið fram, að framangreindir Albert og Árni hafi verið mættir fyrir Járn & stál sökum þess, að það nafn hafi verið á öllum farmskrám, reikningum og fylgibréfum yfir þessa vöru, og ekkert hafi þá komið til tals, að verið væri að breyta um aðilja í þessum viðskiptum.

Skal nú fyrst vikið nánar að persónulegri ábyrgð frumstefndu. Það er upplýst og viðurkennt, að félagið Járn & stál samanstóð fyrst og fremst af járníðnaðarfyrirtækjum, enda réðu þau öllu um stjórn þess, sbr. 3. gr. félagslaganna, dskj. nr. 12. Einnig er upplýst, að báðir hinna frumstefndu voru þátttakendur félagskaparins sem forráðamenn fyrirtækja, er þeir stjórnðu, og verður að telja, að stefnanda hafi verið þetta kunnugt. Jafnframt er upplýst, að fyrirtækin áttu að hafa allan hagnað og hagræði af þessari starfsemi, ef einhver yrði. Rétturinn verður því að fallast á það með frumstefndu, að þeir beri ekki persónulega ábyrgð á stefnukröfunni, en sé um slíka ábyrgð að ræða af hálfu þeirra, er stóðu að félagi þessu, þá séu það fyrirtækin, er að því stóðu, og skal nú að því vikið.

Ekki verður á það fallt, að aldrei hafi neitt viðskiptasamband stofnast með stefnanda og Járn & stál eða aðstandendum þess. Með bréfinu, sbr. dskj. nr. 2, hefst samband þessara aðilja, og þótt það bréf leiddi ekki til fjárhagsviðskipta, þá hefur stefnanda með því orðið kunnug tilvist félagsins Járn & stál og hverir væru þar í fyrirsvari. Þá er að leysa úr spurningunni um það, hvort Járn & stál eða þeir, er að því félagi stóðu, hafi orðið aðiljar að þessum viðskiptum með bréfi Magnúsar Árna-

sonar, sbr. dskj. nr. 4. Félag það, er hér um ræðir, var aldrei tilkynnt til firmaskrár og verður þó að telja, að það hafi verið tilkynningarskylt samkvæmt firmalögum. Engin ákvæði eru heldur um ábyrgð félagsmanna í félagslögum, en stefndu hafa neitað, að nein samábyrgð væri í félaginu. Á þetta síðastgreinda verður ekki fallið. Þar sem engin takmörkun er gerð á ábyrgð-inni og félagið ákvað að ráðast í fjárhagslega starfsemi, sbr. greinda flutninga og fleira, lítur rétturinn svo á, að aðiljar að félaginu væru fullábyrgir fyrir skuldbindingum þess. Þá er athugandi, hvort Magnús Árnason hafi haft umboð fyrir félagið gagnvart stefnanda eða farið út fyrir sitt umboð. Telja verður, að Magnús hafi sem formaður félagsins haft fullt umboð til að senda stefnanda bréfið, sbr. dskj. nr. 5, en ljóst er, að í framhaldi af því ásamt bréfi stefnanda, sbr. dskj. nr. 6, hafi stofn-azt viðskipti um greinda flutninga, er stóðu síðan allt til ársins 1960. Telur rétturinn, að eins og atvikum að þessu er háttáð, hafi stefnandi mátt treysta því, að Magnús Árnason hafi haft nægilegt umboð fyrir Járn & stál til að stofna til greindra viðskipta. Stefnandi hefur viðurkennt, að með síðastgreindum bréfum hafi verið samið beinlínis aðeins til eins árs eða til 3. apríl 1952. Hins vegar telja þeir, að þar sem forsvarsmáður Járn & stál hafi óskað eftir að flutningarnir héldu áfram, þá hafi samningar framlengzt af sjálfu sér, og verður rétturinn að fallast á það, að stefnandi hafi einnig mátt treysta því, að Magnús hefði umboð til þess, þar sem þeir fengu aldrei neina tilkynningu um, að breyting væri á starfsemi félagsins eða erindrekestri fyrir það. Eins og áður greinir, hefur stefnandi sérstaklega lagt áherzlu á það, að Magnús Árnason hafi farið út fyrir umboð sitt, með því að taka að sér flutninga fyrir aðra aðilja en þá, er stóðu að Járn og stál, og er upplýst að svo var, án þess að bein samþykkt liggi fyrir um það. Hins vegar er upplýst af bókunum, sbr. dskj. nr. 15 og 16, að um þetta var rætt og í síðarnefndu fundargerðinni, er gert ráð fyrir þeim möguleika, að félagið taki slíkt að sér. Má ætla af þeim bókunum, að formaður félagsins hafi talið sér heimilt að hafa einhver slík viðskipti, sem munu hafa verið í heldur smáum stíl, en því fremur verður að telja, að stefnandi hafi mátt treysta því, að Magnús Árnason hefði nægilegt umboð til þeirra viðskipta. Einnig styður það þessa ályktun, að upplýst er, að Albert Sölvason tók þátt í samningsgerð um gjald fyrir flutningana 1957, og þar sem ekki er upplýst, að það kæmi fram, að hann gerði það eingöngu sem

framkvæmdastjóri Atla h.f., verður að fallast á það með stefnanda, að hann hafi mátt líta svo á, að hann gerði það í umboði Járn & stál. Varðandi ábyrgð sakaaukastefndu á gerðum Árna Magnússonar er það að athuga, að upplýst er, að hann hafði ekkert samband um þann starfa við Járn & stál, en með tilliti til þess, að hann annaðist þetta starf að meira eða minna leyti, meðan Magnús Árnason lifði og stefnanda var ekki tilkynnt um neina breytingu á aðild, enda haldið áfram að skrá öll skjöl varðandi þessa flutninga áfram á nafni Járn & stál, telur rétturinn, að stefnandi hafi einnig mátt reikna með, að hann hefði umboð frá því félagi. Jafnframt ber að líta á það í þessu sambandi, að þar sem ekkert bókhald yfir þennan rekstur liggur fyrir, er alveg óupplýst, hvernig hagur hans hafi verið, þegar Árni Magnússon tekur við, og verður ekki fallizt á þá staðhæfingu með stefndu, að stefnukrafa hafi öll myndazt í tíð Árna Magnússonar.

Enn ber á það að líta, að telja verður, að öllum hinum sakaaukastefndu hafi verið kunnugt um það, að skjöl öll, er vörðu þessa starfsemi, hafi jafnan verið stíluð á Járn & stál, og máttu því reikna með, að starfsemin væri rekin á ábyrgð þess. Með tilvísan til þessa verður að fallast á kröfu stefnanda um ábyrgð sakaaukastefndu Vélsmiðjunnar Atla h.f., Vélsmiðju Steindórs h.f., Valmundar Guðmundssonar, Stefáns Stefánssonar og Stefáns H. Steindórssonar á stefnukröfunni, enda er upphæð hennar ekki véfengd.

Ábyrgð sakaaukastefnda Árna Magnússonar segist stefnandi byggja aðallega á því, að það hafi komið í ljós við vitnaleiðslu yfir honum, að hann hafi haft á hendi afgreiðslu á súr- og gas-hylkjum þeim, er flutt hafi verið, og innheimt hjá einstökum notendum þessarar vöru flutningsgjaldið, einnig það, sem nú standi í skuld og stefnt er út af. Segist hann því til öryggis stefna Árna Magnússyni til greiðslu ofangreindra krafna, aðallega in solidum með hinum frumstefndu, en til vara einum sér, ef svo færi, að frumstefndu yrðu sýknaðir.

Árni Magnússon hefur, eins og áður greinir, lagt fram greinargerð í málinu, auk þess sem hann hefur verið leiddur sem vitni í því og byggir hann þar sýknukröfu sína einkum á eftirfarandi: Þegar faðir hans, Magnús Árnason, lézt, var starfsemi þeirri, er hann hafði með höndum, haldið áfram um skeið af dánarbúinu. Kveður hann að ætlun þeirra hafi verið, að þeir eða einhverir þeirra, er það vildu, yfirtækju starfsemina.

Auk hinna venjulegu smíðastarfa kveður sakaukastefndi föður sinn hafa haft með höndum dreifingu á súr- og gashylkjum til notenda hér í bæ. Eftir andlát föður síns kveður sakaukastefndi sig hafa unnið að þessari dreifingu á sama hátt og faðir hans hafi gert og kveður hann dánarbúið hafa þannig haldið starfsemi Magnúsar áfram einnig að þessu leyti, en sjálfur kveðst hann hafa verið framkvæmdastjóri dánarbúsins. Raunar er upplýst í málinu, að sakaukastefndi hafði einnig nokkuð með þetta að gera, áður en Magnús dó, eins og fram kemur í vitnaskýrslu hans. Dreifingarstarfsemi þessa kveður sakaukastefndi ávallt, að því er hann bezt vissi, hafa verið rekna í nafni félagsins „Járn & stál“ og kvaðst hann hafa álitnið í fyrstu, að faðir hans hafi haft þetta starf með höndum í umboði þessa félags, en kvaðst annars enga vissu hafa haft fyrir því. Hann kvaðst aðeins oft hafa annazt afhendingu hylkjanna og skrifað frumbókarnótur í því sambandi, en ekki haft bókhald að öðru leyti eða skýrslugerð fyrir þessa starfsemi né innheimtu, enda hafi hann aldrei á þeim tíma verið um neina skýrslugerð beðinn. Hins vegar kvaðst hann halda, að faðir sinn hafi fyrstu ár starfseminnar gert félaginu Járn & stál grein fyrir starfseminni, en síðan hafi það fallið niður.

Þá hefur sakaukastefndi haldið því fram, að hann hafi ekki tekið við þessu dreifingarstarfi eftir andlát föður síns að tilmælum Járn & stál, heldur hafi það verið gert í samráði við félagið Ísaga h.f., seljanda þessa varnings, og því félagi hafi hann tilkynnt, þegar hann ætlaði að hætta starfinu. Hann kveður stefnanda hafa verið það kunnugt, að hann tæki þetta að sér fyrir tilstilli Ísaga h.f. Byggir sakaukastefndi sýknukröfu sína á því, að þegar faðir hans hafi andazt eða um það bil, hafi skuldin við stefnanda verið kr. 33.744.44. Telur hann þar af leiðandi, að ef svo yrði litið á, að faðir hans hafi á þessum tíma aðeins rekið afgreiðslustarfið pro forma á nafni Járn & stál, en í raun og veru á eigin ábyrgð, þá sé rökrétt að álykta, að við fráfall hans hafi dánarbúið tekið á sig þessa skuld, sem stóð, er hann dó, sem þó hafi heldur lækkað síðan. Jafnframt mótmælir hann því, að hann hafi bakað sér skyldur persónulega með því að vinna þannig á vegum dánarbús Magnúsar Árnasonar.

Það er upplýst og viðurkennt af Árna Magnússyni, að hann hafi með að gera þessa starfsemi eftir andlát föður síns og reyndar að nokkru leyti einnig fyrr. Einnig er upplýst og viðurkennt af Árna Magnússyni, að hann hafi staðið að samningsgerð um

flutningsgjaldið við stefnanda, og hefur því ekki verið mót-mælt af hans hálfu, að það hafi gerzt í júní—júlí 1959 eða eftir andlát föður hans. Þá hefur Árne Magnússon talið sig taka við drefingarstarfinu í samráði við Ísaga h.f., án nokkurs samráðs við forráðamenn Járn & stál eða aðra aðilja hér. Sakaukastefndi Árne Magnússon hefur haldið því fram, að hin umkrafða skuld í máli þessu sé stofnuð, áður en hann tók við drefingarstarfinu. Það er rétt, að samkvæmt reikningum, sbr. dskj. nr. 7, var skuldin svipuð um það bil, er Magnús Árnason dó og hún er nú, en ekkert bókhald er til frá þeim tíma né önnur gögn, er sýni fjárhag þessa reksturs að öðru leyti, og er því með öllu óupplýst, hvernig hann var þá, svo sem hvort þá hafi verið óinnheimtar kröfur, er numið hafi meira eða minna af skuldinni hjá stefnanda. Verður því ekki fallizt á sýknukröfu Árna Magnússonar af þessari ástæðu. Eigi verður heldur svo á litið, að minnsta kosti ekki gagnvart stefnanda, að hann hafi innt þessi störf af hendi fyrir dánarbú Magnúsar Árnasonar, enda er ekki vitað, að það hafi nokkurn tíma komið til tals, auk þess sem Árne hefur greint svo frá í vitnaskýrslu sinni, að eftir andlát Magnúsar hafi álagningin vegna þessa drefingarstarfs runnið til hans sjálfs. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að dánarbú Magnúsar Árnasonar hafi borið ábyrgð á starfi Árna Magnússonar að þessu leyti, heldur beri hann persónulega ábyrgð á því.

Samkvæmt framanrituðu ber að sýkna Albert Sölvason og Steindór Steindórsson af kröfum stefnanda og fellur málskostnaður niður.

Þá ber að dæma Vélsmiðjuna Atla h.f., Vélsmiðju Steindórs h.f., Valmund Guðmundsson járnsmið, Stefán Stefánsson járnsmið, Stefán H. Steindórsson járnsmið og Árna Magnússon járnsmið, alla in solidum, til að greiða stefnanda stefnukröfuna, kr. 32.248.16, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi 7. janúar 1961. Rétt þykir að dæma sakaukastefndu til að greiða stefnanda kr. 4.000.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Albert Sölvason og Steindór Steindórsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Bifreiðarstöðvarinnar Stefnis s.f., í máli þessu, en málskostnaður fellur niður.

Sakaukastefndu, Vélsmiðjan Atli h.f., Vélsmiðja Steindórs h.f., Stefán Stefánsson, Valmundur Guðmundsson, Stefán H. Steindórsson og Árne Magnússon, greiði in solidum stefn-

anda, Bifreiðastöðinni Stefni s.f., Akureyri, kr. 32.248.16 með 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1961 til greiðsludags, kr. 4.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Dóminum má fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. marz 1963.

Nr. 134/1962. **Jóhann Þorsteinsson og Hulda Aradóttir**
(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Kristjáni Eiríkssyni (sjálfur) og gagnsök

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking fjárnámsgerðar.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. október f. á., skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu sama dag. Krefjast þau þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og gagnáfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað í Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1962, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 5. s. m. Hann krefst þess aðallega, að aðalsök verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest. Þá krefst hann og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda in solidum.

Samkvæmt ákvörðun Hæstaréttar hefur málflutningur um formsatriði og efnis farið fram samtímis, sbr. 48. gr. laga nr. 57/1962.

I.

Aðalkröfu sína reisir gagnáfrýjandi á því, að af aðaláfrýjenda hálfu hafi verið brotið svo gegn ákvæðum 41. og